

Tryggingarskilmálar

Options sjúkdómatrygging

Vinsamlegast lestu þessa skilmála og tryggingaráætlun þína vandlega og geymdu hvort tveggja á öruggum stað. Leggja verður skjölin fram, ásamt öllum öðrum skjölum sem hafa áhrif á lagalega eign **tryggingarinnar**, ef krafa eða breyting er gerð.

Tilvísunarnúmer bækling: GP25

Yfirlit

Um sjúkdómatrygginguna þína

Sjúkdómatryggingin er lagalegur samningur á milli þín/tryggingartaka og Friends Provident International. Friends Provident International er viðskiptaheiti Friends Life Limited fyrir þau viðskipti sem fyrirtækið stundar utan Bretlands. **Tryggingin** tryggir þig gegn atburðum sem eiga sér stað af tilviljun eða slysi. Tryggingin þín nær ekki yfir atburði sem þú eða hinn **tryggði** aðili valdið af ásetningu.

Vinsamlegast lestu vandlega yfir **tryggingarskilmálana** og **tryggingarskírteinið**. Þú skalt geyma þessi skjöl á vísum stað þar sem þeirra verður þörf ef leggja á fram kröfu skv. **tryggingu** þinni.

1 Greiðsla á iðgjöldum

- 1.1 Iðgjöld skal greiða samkvæmt því sem fram kemur í tryggingarskírteini þínu.
- 1.2 Árleg iðgjöld verður að greiða á þeim degi sem **trygging** tekur gildi og á hverjum **endurnýjunar degi** eftir það.
- 1.3 Mánaðarleg iðgjöld skal greiða á mánaðar fresti. Skal greiðsla hefjast skv. **dagsetningu gildistöku** og skal greiðslan fara fram með kreditkortu.
- 1.4 Leyfilegt er að fresta greiðslu iðgjalda í einn mánuð.

2 Falli greiðsla iðgjalda niður

- 2.1 Ef iðgjald er ekki greitt eins og sett er fram í skilmála 1 þá er **tryggingin** áfram í gildi í 14 daga eftir að mánuður er liðinn („gildistímabilið“). Ef iðgjöld eru ekki greidd, tekur tryggingin enda án greiðslu.
- 2.2 Ef **tryggingin** endaði af þessari ástæðu áður en ár er liðið frá því að **tryggingin** tekur gildi, er hægt að taka trygginguna aftur upp hvenær sem er innan eins árs eftir að fyrsta greiðsla iðgjalds féll niður, ef eftirfarandi gögnum er skilað:
 - Yfirlýsingu varðandi heilufar og tryggingarhæfi fyrir hinn **sjúkdómatryggða** og upplýsingar um alla aðra þætti sem hafa áhrif á þá áhættu sem Friends Provident International samþykkir, og
 - greiðsla allra ógreiddra iðgjalda.
- 2.3 Ef **tryggingunni** lauk vegna þessa eftir að ár var liðið frá gildistöku **tryggingarinnar**:
 - 2.3.1 Þá er hægt að taka trygginguna upp aftur innan þriggja mánaða frá því að „gildistíma“ lauk, svo lengi sem öll iðgjöld hafa verið greidd
 - 2.3.2 Þá er hægt að taka **trygginguna** upp utan hins 3 mánaða tímabils sem lýst er í 2.3.1 hvenær sem er innan eins árs eftir að fyrsta greiðsla iðgjalds féll niður, ef eftirfarandi er framkvæmt:
 - Yfirlýsingu varðandi heilufar og tryggingarhæfi fyrir hinn **sjúkdómatryggða** og upplýsingar um alla aðra þætti sem hafa áhrif á áhættu sem Friends Provident International samþykkir, og
 - öll ógreidd iðgjöld eru greidd.
- 2.4 Í öllum tilvikum hér að ofan þar sem endurupptaka tryggingar á sér stað, mun **dagsetning áhættu** vera á þeim degi þegar endurupptaka fór fram.

- 2.5 Ef við ákvæðum bjóða trygginguna með öðrum skilmálum en þeim sem upphaflega voru settir fram, sem getur falið í sér hækkun á **iðgjöldum**, eða aukagjald fyrir endurupptöku tryggingarinnar þurfum við að fá undirritað samþykki tryggingartaka á þessum nýju skilmálum áður en endurupptaka tryggingar fer fram.

3 Sjúkdómatrygging og örorkubætur

3.1 Skilgreiningar

Í ákvæðum þessum gildir eftirfarandi: „**Varanlegur taugaskaði**“ skal eiga við um skýr og sannanlega einkenni skaða á miðtaugakerfinu sem áætlað er að vari alla ævi hins **sjúkdómatryggða**, án tillits til þess hvenær tryggingartímabili lýkur eða hinn **sjúkdómatryggði** fer á eftirlaun. Meðal einkenna eru doði, ofurskynnæmi (aukið tilfinninganæmi), lömun, staðbundið þróttleysi, tormæli (talerfiðleikar), málstol (getuleysi til tals), kyngingartregða (erfiðt að kyngja), sjónskemmdir, erfiðleikar með gang, vanhnutun (samhæfingarvandi), skjálfti, flog, andleg hnignun, óráð eða dauðadá. Þetta felur ekki í sér uppgötvanir í myndatöku eða rannsóknum ef engin áþreifanleg líkamleg eða andleg einkenni eru fyrir hendi. „Opinn hjartaskurður“ skal eiga við um skurðaðgerð sem felur í sér hjáveituaðgerð hjarta og lungna eða hjarta- og lungnavél. Það á ekki við um hjartaskurðaðgerð sem felur ekki í sér hjáveituaðgerð hjarta og lungna.

„**HIV**“ þýðir eyðniveira í mönnum: sýking með eyðniveirunni í mönnum sem veldur eyðni (AIDS) og eyðileggur ónæmiskerfið smám saman;

„**AIDS**“ þýðir eyðni eða ónæmistæring: það er lokastig HIV-sýkingar og það alvarlegasta, það kemur fram með merkjum og sjúkdómseinkennum alvarlegs ónæmisbrests.

3.1.1 Alzheimer sjúkdómur/snemmkomin elliglöp

Staðfesting ráðgefandi taugasérfræðings eða öldrunarsérfræðings um afdráttarlausu greiningu Alzheimers-sjúkdóms/elliglapa. Greiningin verður að vera studd sönnunargögnum um stigvaxandi tap á getu til:

- a) að muna,
- b) röksemdafærslu og
- c) að skynja, skilja, tjá og framkvæma hugmyndir.

Sjúkdómurinn þarf að hafa komist á það stigi að stöðugar umsjónar og aðstoðar annarrar persónu er þörf og verður að vera ólækanlegur með enga raunverulega möguleika á neinum bata.

3.1.2 Ósæðarigræðsla

Gangast undir skurðaðgerð, að smáskurði meðtöldum, vegna sjúkdóms eða skemmda ósæðarinnar svo að þörf sé á brotnámi, eða endurnýjun með skurðaðgerð, hluta hinnar veiku eða skemmdu ósæðar með græðslu. Ósæð skilgreinist hér sem brjósthluti og kviðarhluti ósæðar en ekki greinar hennar.

3.1.3 Heilahimnubólga af völdum bakteríu

Skýr greining ráðgefandi taugasérfræðings á heilahimnubólgu vegna bakteríusmits sem leiðir af sér varanlegar taugaskemmdir. Önnur afbrigði sjúkdómsins, að heilahimnubólgu vegna vírussmits meðtalinni, eru sérstaklega undanskilin.

3.1.4 Góðkynja heilaæxli

Æxli sem er ekki illkynja sem leiðir af sér varanlegar taugaskemmdir. Æxli eða vefjaskemmdir á heiladingli eru ekki meðtalín.

3.1.5 Blinda

Alger, varanlegur og óbætanlegur missir allrar sjónar beggja augna.

3.1.6 Krabbamein

Kröfur vegna þessa sjúkdóms verða aðeins teknar til greina ef hinn líftryggði er upphaflega greindur með krabbamein (skv. skilgreiningu) fyrir gildislok en að 90 dögum liðnum frá upphafsdegi ábyrgðar (eða nýjum upphafsdegi ábyrgðar ef um endurvakningu er að ræða sbr. kafla 2), og hann lifir í a.m.k. 14 daga frá dagsetningu sjúkdómsgreiningar.

Illkynja æxli sem einkennist af stjórnlausum vexti og dreifingu illkynja fruma og innrásar í vefi. Hugtakið krabbamein felur í sér hvítblæði og Hodgkins sjúkdóm, en eftirfarandi er undanskilið:

- öll æxli sem vefjafræðilega er lýst sem forkrabbameini, sem eru óágent eða setbundinð krabbamein;
- öll æxli blöðruhálskirtils nema þau séu vefjafræðilega flokkuð þannig að þau hafi Gleason stigagjöf hærri en 6 eða að þau hafi vaxið í a.m.k. T2N0M0 í TNM flokkun;
- allar gerðir eitilæxla samfara hverskonar ónæmisbæklun manna;
- Karposis-sarkmein samfara hverskonar ónæmisbæklun manna;
- hverskonar húðkrabbamein annað en ágent illkynja sortuæxli (invasive malignant melanoma).

3.1.7 Dauðadá

Meðvitundarleysi með engin viðbrögð við utanaðkomandi áreitum eða innri þörfum, sem viðhelst með notkun lífstuðningstækja í a.m.k. 96 klst. og leiðir til varanlegra taugaskemmda (sbr. þó kafla 6).

3.1.8 Hjáveituaðgerð á kransæðum

Að gangast undir opna hjartaskurðaðgerð að ráðum hjartasérfræðings vegna æðaprenginga með hjáveituiðgræðsluaðgerð en þó að frátalinni æðalögun (angioplasty), leysimeðferð eða hverskonar öðrum aðgerðum.

3.1.9 Creutzfeldt-Jakob sjúkdómur

Staðfesting ráðgefandi taugasérfræðings um afdráttarlausu greiningu Creutzfeldt-Jakobsjúkdóms.

3.1.10 Heyrnarleysi

Alger, varanlegur og óbætanlegur missir allrar heyrnar í báðum eyrum.

3.1.11 Hjartaáfall

Dauði hluta hjartavöðva vegna ónógs blóðflæðis sem hefur leitt til allra eftirfarandi einkenna bráðs hjartadreps:

- dæmigerðs brjóstverkjar
- nýrra breytinga einkenna á hjartalínuriti, og
- einkennandi hækkunar hjartaensíma, tróponíns eða annarra lífefnafræðilegra merkigilda;

þar sem allt ofangreind sýnir afdráttarlaust bráða-hjartadrep.

Aðrir bráða-hjartasjúkdómar að hjartakveisu meðtaldri en ekki einskorðað við hana, falla ekki undir þessa skilgreiningu.

3.1.12 Hjartalokuskipti eða –viðgerð

Að gangast undir lækisfræðilega nauðsynlega hjartaskurðaðgerð til að skipta um eða gera við eina eða fleiri hjartaloku.

3.1.13 HIV/alnæmi vegna árásar

Smitun af ónæmisbæklunarvírus (HIV) að því tilskyldu:

- að smitunin sé bein afleiðing af líkamsárás að meðtalinni óviljasnertingu með annað hvort stungunál eða sýktum beittum hlut eða kynferðislegri árás, og
- að atvikið hafi átt sér stað á Íslandi eftir upphaf ábyrgðar samkvæmt tryggingarskírteini og verið tilkynnt lögreglu innan 5 daga og
- að prufa sem sýni ekkert HIV smit eða mótefni slíks víruss sé gerð innan 5 daga og
- að jákvæðar niðurstöður um HIV smit hafi komið fram innan 12 mánaða frá hinu tilkynnta atviki.

3.1.14 HIV/alnæmi vegna blóðgjafar

Smitun af ónæmisbæklunarvírus manna (HIV) að því tilskyldu að Friends Provident International sé sannfært um að smitið hafi borist við blóðgjöf á Íslandi og sem þáttur í lækisfræðilegri meðhöndlun eftir upphaf ábyrgðar samkvæmt tryggingarskírteini.

3.1.15 HIV/alnæmi (áhættustarfgrein)

Slyasmitun einstaklings í heilbrigðis-/tannheilbrigðisstarfgrein, eða neyðarstarfsmanns, fangavarðar, lyfjafræðings, starfsmanns rannsóknarstofu eða annarra starfsmanna á heilbrigðisstofnun, af ónæmisbæklunarvírus manna (HIV), á meðan viðkomandi sinni venjulegum störfum sínum á Íslandi, að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

- HIV smitunin hafi átt sér stað eftir upphaf ábyrðar skv. tryggingarskírteini.
- Atburðurinn þegar HIV smitunin átti sér stað hafi verið tilkynntur, rannsakaður og skráður með eðlilegum hætti skv. venjum í starfgrein hins líftryggða.
- Að prufa sem sýni ekkert HIV smit eða mótefni slíks víruss sé gerð innan 5 daga eftir atburðinn; og
- að jákvæðar niðurstöður um HIV smit hafi komið fram innan 12 mánaða frá hinu tilkynnta atviki.

3.1.16 Nýrnabilun

Nýrnabilun á lokastigi sem lýsir sér í því að bæði nýru eru varanlega óstarfhæf og það vandamál ólæknanlegt og einu úrræðin nýrnahimnuskiljun eða nýrnaígræðsla.

3.1.17 Útlímamissir

Óviljandi, varanlegur missir tveggja eða fleiri útlima ofan úlnliðs eða ökla.

3.1.18 Málmissir

Alger, varanlegur og óafturkallanlegur missir getu til að tala sem afleiðing líkamlegs slyss eða sjúkdóms.

3.1.19 Meiriháttar líffæraígræðsla

Að gangast sem líffærisþegi undir ígræðslu á beinmerg eða heilu hjarta, nýra, lifur, lunga eða briskirtli eða ef viðkomandi er á opinberum biðlista í Evrópu fyrir slíka aðgerð.

3.1.20 Hreyfitaugahrörnun (MND-sjúkdómur)

Staðfesting ráðgefandi taugasérfræðings um afdráttarlaus greiningu hreyfitaugahrörnunar.

3.1.21 Heila-og mænusigg (MS-sjúkdómur)

Afdráttarlaus greining ráðgefandi taugasérfræðings á mænusiggi (Multiple Sclerosis) sem uppfyllir hvort tveggja:

Um þarf að vera að ræða yfirstandandi skaða á hreyfanleika og skynstarfsemi sem hefur varað samfellt í a.m.k. sex mánuði. Þá þarf greiningin að vera staðfest með þeim greiningaraðferðum sem almenn tíðkast þegar krafan er gerð.

3.1.22 Opin hjartaaðgerð

Að gangast undir opna hjartaskurðaáðgerð að ráði hjartasérfræðings til þess að leiðrétta fæðingarargalla hjartans.

3.1.23 Lömun/þverlömun

Alger óafturkræf lömun vöðvahreyfingar og missir snertiskynjunar í hvaða tveimur útlimum sem er sem afleiðing líkamlegs slyss eða líkamlegs sjúkdóms. Lömunin verður að vera varanleg og studd viðeigandi taugasérfræðilegum sönnunagögnum.

3.1.24 Parkinson sjúkdómur

Staðfesting ráðgefandi taugasérfræðings um afdráttarlaus greiningu Parkinsonsveiki (sbr. þó kafla 6).

3.1.25 Ágeng ofankjarnalömum (Progressive Supra Nuclear Palsy)

Staðfesting ráðgefandi taugasérfræðings um afdráttarlaus greiningu vaxandi ofankjarnalömunar.

3.1.26 Heilablóðfall

Heilablóðfall sem leiðir til varanlegs taugaskaða. Skammvinn Ischaemic áföll eru undanskilin.

3.1.27 Þriðja stigs brunar

Þriðja stigs brunasár sem þekja a.m.k. 20% yfirborðs líkamans.

3.2 Bætur

Ef hinn sjúkdómatryggði er fyrst greindur með einhvern af þeim lífshættulegu sjúkdómum eða örorku sem tryggingin nær yfir, eftir upphafsdag tryggingarinnar, og fyrir tilgreindan lokadag tryggingarinnar, að krabbameini utanskildu, og lifir í a.m.k. 14 daga frá greiningardegi þá verður **vátryggingarfjárhæðin** greidd út. Greiðsla bótanna er háð tilgreindum undantekningum í ákvæði 6.1. Ef greiðsla fer fram fellur **tryggingingin** niður og engar frekari bætur verða greiddar.

3.3 Kröfur og tilkynningar

Krafa í þessum bótaflokki er háð eftirfarandi ákvæðum:

- 3.3.1 Þú verður að tilkynna okkur um greiningu á alvarlegum sjúkdómi eða örorku innan þriggja mánaða frá greiningu. Við framlengjum þennan frest ef sýnt þykir að viðkomandi sjúkdómur eða örorka komi í veg fyrir að þú látir okkur vita fyrr.
- 3.3.2 Við sendum þér kröfueyðublað. Þú verður að fylla það út og skila til okkar innan mánaðar frá útgáfudegi þess. Greiðsla bóta er ávallt háð því að okkur þyki fullvíst að krafan sé gild.
- 3.3.3 Greiðsla bóta er alltaf háð því að framvísað sé upplýsingum og sönnunargögnum sem við teljum fullnægjandi. Þar getur m.a. verið um að ræða:
- rannsóknargögn eftir skoðun (skoðanir) á hinum **sjúkdómatryggða** frá sérfræðilækni, tilnefndum af okkur;
 - rannsóknargögn fengin með blóðprufu eða annarri viðurkenndri aðferð sem sýnir fram á að í þeim tilvikum sem um er að ræða kröfu vegna eitlaæxlis eða Karposis-sarkmeins, þá beri hinn **sjúkdómatryggði** ekki með sér ónæmistæringarveiru eða mótefni gegn henni í blóði;
 - hvers kyns aðrar læknisfræðilegar rannsóknir sem taldar eru viðeigandi af yfirlækni okkar, og
 - skoðun sjúkráráa hins **sjúkdómatryggða**.
- 3.3.4 Allar sjúkdómsgreiningar og læknisfræðileg álit skulu gefin af sérfræðilækni sem:
- uppfyllir allar venjulegar hæfiskröfur og
 - er viðurkenndur af yfirlækni okkar, og
 - hefur sérfræðimenntun til að meta orsök kröfunnar.

4 Bætur vegna fullrar og varanlegrar örorku

Þessar bætur greiðast út sem eingreiðsla ef hinn **sjúkdómatryggði** verður varanlega og algjörlega fatlaður samkvæmt skilmálum og ákvæðum **vátryggingarsamningsins**.

4.1 Skilgreiningar

Í ákvæðum þessum gildir eftirfarandi um „varanlega fatlaður“:

Ef það hendir hinn **sjúkdómatryggða**, fyrir endurnýjunardag tryggingarinnar eftir 60. afmælisdag hans, að sjúkdómatryggður er varanlega ófær um, fyrir lífstíð, án tillits til hvenær tryggingu lýkur eða hinn **sjúkdómatryggði** fer á eftirlaun, vegna veikinda eða meiðsla af slysförum, um að framkvæma þrjú af fimm eftirfarandi prófum án hjálpar annars einstaklings, en með hjálp viðeigandi stuðnings- og hjálpartækja.

1 Ganga

Að geta gengið 200 metra á jafnsléttu án þess að þurfa að stansa eða þola mikla vanlíðan.

2 Beygjur

Að geta stigið upp í og komist út úr venjulegum stórum fólksbíl og geta beygt sig eða kropsið til þess að taka upp eitthvað af gólfinu og síðan rétt úr sér.

3 Tjáskipti

Að geta svarað í síma og tekið skilaboð.

4 Lestur

Að sjá nógu vel til að geta lesið venjulegt dagblað.

5 Skrift

Að hafa líkamlega getu til að skrifa læsilega með blýanti eða penna.

4.2 Bætur

Ef hinn **sjúkdómatryggði** verður fyrst varanlega fatlaður (eins og skilgreint er í þessu ákvæði) eftir **ábyrgðardag** og fyrir tilgreindan lokadag í **vátryggingarskírteini** verður vátryggingarfjárhæðin greidd út. Við greiðum ekki út bæturnar ef ein af þeim undantekningum sem greint er frá í ákvæði 6.2 á við. Samband skal haft við okkur innan mánaðar frá því að fötlun er staðreynd. Bætur eru ekki greiddar fyrr en Friends Provident International hefur fengið í hendur viðunandi sönnunargögn um varanlega örorku. Ef greiðsla fer fram fellur **tryggingarsamningurinn** niður og engar frekari bætur greiðast.

4.3 Kröfur og tilkynningar

Krafa í þessum bótaflokki er háð eftirfarandi ákvæðum:

- 4.3.1 Þú verður að halda áfram að greiða iðgjaldið þar til við höfum samþykkt kröfuna.
- 4.3.2 Við sendum þér kröfueyðublað. Þú verður að fylla það út og skila til okkar innan mánaðar frá útgáfudegi þess. Greiðsla bóta er ávallt háð því að okkur þyki fullvíst að krafan sé gild.
- 4.3.3 Greiðsla bóta er alltaf háð því að framvísað sé upplýsingum og sönnunargögnum sem við teljum fullnægjandi. Þar, svo oft sem við teljum þörf á því, getur m.a. verið um að ræða:
- sönnunargögn um að hinn **tryggði** undirgangist lækisfræðilega meðhöndlun hjá starfandi lækni, sérmenntuðum í sérgrein viðeigandi fyrir ástand hins **tryggða**, svo oft sem slíkur sérfræðingur telur við hæfi;
 - rannsóknargögn fengin með blóðprufu eða annarri viðurkenndri aðferð sem sýna að hinn **tryggði** beri ekki með sér ónæmistæringarveiru eða mótefni við henni í blóði;
 - rannsóknargögn eftir skoðun (skoðanir) á hinum **tryggða** frá sérfræðilækni, tilnefndum af okkur;
 - hvers kyns aðrar lækisfræðilegar rannsóknir sem taldar eru viðeigandi af yfirlækni okkar;
 - skoðun sjúkraskráa hins **tryggða**.
- 4.3.4 Ef hinn **tryggði** neitar að gangast undir slíka lækis meðferð eða skurðaðgerð sem lækisfræðilegir ráðgjafar hans telja nauðsynlega eða ef við höfum ekki fullvissað okkur um að fótlinun sé varanleg, alger og óbætanleg, þá berum við ekki ábyrgð á greiðslu þessara bóta.
- 4.3.5 Ef hinn **tryggði**, í tengslum við atburð eða hvers kyns meintan atburð sem tengist kröfu hans til bóta, skýrir rangt frá staðreyndum eða lætur hjá líða að veita upplýsingar um atriði sem máli skipta:
- verður kröfunni hafnað; og
 - bótaréttur vegna fullrar og varanlegrar örorku fellur tafarlaust niður.

5 Sjúkdómatrygging og örorkubætur barna

5.1 Skilgreiningar

Í ákvæðum þessum gildir eitt af eftirfarandi um „alvarlegan sjúkdóm eða örorku“ eins og greint er frá í ákvæði 3.

- 5.1.1 Ósæðarígræðsla
- 5.1.2 Heilahimnubólga af völdum gerlasýkingar
- 5.1.3 Góðkynja heilaæxli
- 5.1.4 Blinda
- 5.1.5 Krabbamein (háð 90 daga takmörkunum sem lýst er í ákvæði 3.1.6 að ofan)
- 5.1.6 Dauðadá
- 5.1.7 Hjúveituaðgerð á kransæðum
- 5.1.8 Creutzfeldt-Jakob-sjúkdómur
- 5.1.9 Heyrnarleysi
- 5.1.10 Hjartaáfall
- 5.1.11 Hjartalokuskipti eða hjartaviðgerð
- 5.1.12 HIV/alnæmi vegna árásar
- 5.1.13 HIV/alnæmi vegna blóðgjafar
- 5.1.14 Nýrnabilun
- 5.1.15 Útlimamissir
- 5.1.16 Málmmissir
- 5.1.17 Meiriháttar líffæraígræðsla
- 5.1.18 Hreyfitaugahrörnun (MND-sjúkdómur)
- 5.1.19 Heila- og mænusigg (MS-sjúkdómur)
- 5.1.20 Opín hjartaaðgerð
- 5.1.21 Lömun / þverlömun
- 5.1.22 Heilablóðfall
- 5.1.23 Þriðja stigs brunasár

5.2 Bætur

Þessar bætur gilda einungis ef hinn **tryggði** hefur ekki gildan **vátryggingarsamning** hjá okkur, sem felur í sér, eða hefur falið í sér, ábyrgð varðandi sjúkdómatryggingu og örorkubætur barna. Í samræmi við tilgreindar undantekningar í ákvæði 6.3, í þeim tilvikum sem barn hins **tryggða**, þ.m.t. barn sem er þegar löglega ættleitt af hinum **tryggða**, eftir **ábyrgðardag** og eftir að ná 90 daga aldri en fyrir 18 ára aldur, er fyrst greint með tiltekinn alvarlegan sjúkdóm eða fötlun, og lifir a.m.k. í 30 daga frá greiningardegi, verða 20.000 Sterlingspund eða 50% af **vátryggingarfjárhæðinni** á greiningardegi, greidd út, eftir því hvor fjárhæðin er lægri. Þessar bætur eru háðar eftirfarandi ákvæðum:

- 5.2.1 Þessar bætur eru sjálfkrafa innifaldar ef hinn **tryggði** á börn frá 90 daga aldri til og með 18 ára afmælisdegi. Börn sem tryggingin nær ekki til þegar **vátryggingarsamningurinn** tekur gildi falla sjálfkrafa undir hana þegar þau ná 90 daga aldri.
- 5.2.2 Greiðsla bóta mun ekki hafa áhrif á **vátryggingarfjárhæðina**.
- 5.2.3 Bæturnar greiðast aðeins einu sinni vegna hvers barns og greiðast í mesta lagi vegna þriggja barna. Eftir greiðslu vegna þriðja barns falla bætur þessar úr gildi.
- 5.2.4 Þegar barn hins **tryggða** nær 18 ára aldri fellur bótaréttur vegna viðkomandi barns úr gildi.
- 5.2.5 Þessar bætur eða sambærilegar bætur verða ekki innifaldar í tryggingu hins **tryggða** í framtíðinni.

5.3 Kröfur og tilkynningar

- 5.3.1 Þú verður að tilkynna okkur um greiningu á alvarlegum sjúkdómi eða örorku innan þriggja mánaða frá greiningu.
- 5.3.2 Við sendum þér kröfueyðublað. Þú verður að fylla það út og skila til okkar innan mánaðar frá útgáfudegi þess. Greiðsla bóta er ávallt háð því að okkur þyki fullvíst að krafan sé gild.
- 5.3.3 Greiðsla bóta er alltaf háð því að framvísað sé upplýsingum og sönnunargögnum sem við teljum fullnægjandi. Þar getur m.a. verið um að ræða rannsóknargögn eftir skoðun (skoðanir) á barninu frá sérfræðilækni, tilnefndum af okkur; blóðprufur eða hvers kyns aðrar læknisfræðilegar rannsóknir sem taldar eru viðeigandi af yfirlækni okkar, og skoðun sjúkráráa viðkomandi barninu.

6 Undantekningar

- 6.1 Við greiðum ekki bætur vegna alvarlegs sjúkdóms eða örorku ef krafa á rætur sínar að rekja til einhvers þess sem tilgreint er hér á eftir, með beinum eða óbeinum hætti:
 - 6.1.1 **Stríð/borgaralegur órói**
Hvers kyns stríð, yfirlýst eða ekki, eða þátttaka í óeirðum, uppreisn eða hryðjuverkastarfsemi.
 - 6.1.2 **Sjálfsáverkar**
Sjálfsáverkar af yfirlögðu ráði.
 - 6.1.3 **Misnotkun lyfja eða áfengis** (í þeim tilvikum sem krafan er vegna Parkinsons-sjúkdóms eða dauðadás)

Misnotkun áfengis eða leysiefna og lyfjanotkun fyrir utan lyf notuð samkvæmt ráðleggingum skráðs heilbrigðisstarfsmanns.
- 6.2 Við greiðum ekki bætur vegna varanlegrar og fullrar örorku ef krafa á rætur sínar að rekja til einhvers þess sem tilgreint er hér á eftir, með beinum eða óbeinum hætti:
 - 6.2.1 **Stríð/borgaralegur órói**
Hvers kyns stríð, yfirlýst eða ekki, eða þátttaka í óeirðum, uppreisn eða hryðjuverkastarfsemi.
 - 6.2.2 **Sjálfsáverkar**
Sjálfsáverkar af yfirlögðu ráði.
 - 6.2.3 **Misnotkun lyfja eða áfengis**
Misnotkun áfengis eða leysiefna og lyfjanotkun fyrir utan lyf notuð samkvæmt ráðleggingum skráðs heilbrigðisstarfsmanns.
 - 6.2.4 **HIV/alnæmi**
Hér er átt við að hinn **tryggði** beri ekki með sér ónæmistæringarveiru eða mótefni við henni í blóði.
- 6.3 Við greiðum ekki bætur tengdar sjúkdómatryggingu og örorkubóta barna ef krafa á rætur sínar að rekja til einhvers þess sem tilgreint er hér á eftir, með beinum eða óbeinum hætti:
 - 6.3.1 **Stríð/borgaralegur órói**
Hvers kyns stríð, yfirlýst eða ekki, eða þátttaka í óeirðum, uppreisn eða hryðjuverkastarfsemi.
 - 6.3.2 **Sjálfsáverkar**
Sjálfsáverkar af yfirlögðu ráði.
 - 6.3.3 **Misnotkun lyfja eða áfengis** (í þeim tilvikum sem krafan er vegna dauðadás)

Misnotkun áfengis eða leysiefna og lyfjanotkun fyrir utan lyf notuð samkvæmt ráðleggingum skráðs heilbrigðisstarfsmanns.

- 6.3.4 Við greiðum ekki bætur tengdar sjúkdómatryggingu og örorkubótum barna (ákvæði 5) ef viðkomandi alvarlegur sjúkdómur eða örorka, í þeim tilvikum sem hinn alvarlegi sjúkdómur eða örorka er hvers konar sjúkdómur, mein eða ástand barnsins, formlega greint eða ekki, sem hinn **tryggði** vissi um eða hefði átt að hafa vitneskju um þegar sótt var um tryggingu eða hún endurvakin eða áður en barnið var löglega ættleitt af hinum **tryggða**.

7 Dánarbætur

Þessar bætur verða greiddar við dauða hins **tryggða** á gildistíma **vátryggingarsamningsins**. Bótafjárhæðin er 100 Sterlingspund og ef greiðsla fer fram fellur **tryggingarsamningurinn** niður og engar frekari bætur greiðast.

8 Endurskoðun iðgjalda

- 8.1 Endurskoðun iðgjalda fer fram:
- á fimm ára afmæli frá **gildistökudegi**; og síðan
 - á hverju slíku árlegu afmæli **gildistökudags** eftir það.
- Ef iðgjöld hafa ekki verið greidd á einhverjum endurskoðunardegi iðgjalda verður síðari endurskoðunardagur á þeim degi sem trygging tekur gildi á ný.
- 8.2 Við endurskoðun iðgjalda höfum við eftirfarandi í huga:
- áætluð útgjöld vegna krafna;
 - áætlaðar fjárfestingartekjur á iðgjöldum;
 - fjöldi vátryggingartaka sem ljúka vátryggingarsamningi snemma;
 - verðbólga;
 - skattlagning;
 - varsjóður sem okkur ber skylda til að leggja til hliðar fyrir kröfur í framtíðinni; og
 - skyldugreiðslur til endurtryggingafélaga sem við deilum tryggingakostnaði og kröfugreiðslum með, í samræmi við ákvæði í þessu skjali.

- 8.3 Við hverja endurskoðun berum við saman forsendur við síðustu endurskoðun (eða við **gildistökudag** ef iðgjöld hafa ekki verið endurskoðuð áður). Við samanburðinn eru notaðar sanngjarnar og réttmætar aðferðir til að reikna hugsanlegar breytingar á **iðgjaldinu** hjá þér. Það eru engin efri mörk á hugsanlegri iðgjaldahækkun eða lækkun.

Þegar endurskoðunin fer fram eru hvers kyns breytingar á **iðgjaldinu** þínu ekki tengdar einstaklingsbundnum aðstæðum hins **tryggða**, eins og til dæmis heilsufari.

Eftir endurskoðunina er hugsanlegt að við ákveðum að hækkun eða lækkun **iðgjalds** sé nauðsynleg breyting til að viðhalda gildandi **vátryggingarfjárhæð**.

- 8.4 **Tilkynningar um breytingar**

Ef nauðsynlegt er að breyta upphæð **iðgjaldsins** verður tilkynning gefin út 30 dögum fyrir endurskoðunardag iðgjaldsins. Ef nauðsynlegt verður að hækka iðgjaldið til að viðhalda gildandi **vátryggingarfjárhæð** munum við einnig láta þig vita hver **vátryggingarfjárhæðin** yrði miðað við óbreytt **iðgjald**.

Ef **vátryggingarsamningurinn** þinn er með iðgjaldsbótum í ofanálág mun breytt **iðgjald** sömuleiðis endurspeglar breyttan kostnað við valdar iðgjaldsbætur.

- 8.5 **Framkvæmd breytinga**

Upphæð **iðgjaldsins** verður sjálfkrafa breytt eftir því sem nauðsyn krefur til að viðhalda óbreyttri **vátryggingarfjárhæð** og tekur sú breyting gildi frá endurskoðunardegi nema:

- ef hækka á **iðgjaldið**, og
- við fáum skriflega beiðni frá þér, minnst 14 dögum fyrir endurskoðunardag, um að núverandi **iðgjald** skuli haldast óbreytt og **vátryggingarfjárhæð** skuli lækkuð í samræmi við það. Við sendum svo bréf til staðfestingar á þessum breytingum. Bréf þetta inniheldur upplýsingar um upphæð nýs **iðgjalds** og **vátryggingarfjárhæðar**.

9 Greiðsla á kröfum og móttaka fyrirmæla

- 9.1 Við berum ekki ábyrgð á neinni greiðslu samkvæmt **vátryggingarsamningi** fyrir en til viðbótar við fullnægð skilyrði greiðsluskyldu í ákvæði 3.3 (Sjúkdómatrygging og örorkubætur) eða ákvæði 4.3 (Bætur vegna fullrar og varanlegrar örorku) eða ákvæði 5.3 (Sjúkdómatrygging og örorkubætur barna) eins og við á, okkur berast **vátryggingarskírteini** og sönnunargögn sem við förum fram á varðandi:
- 9.1.1 þau atvik sem urðu til þess að greiðsluskylda varð virk;
- 9.1.2 nafn þess aðila sem greiðslu krefst; og
- 9.1.3 aldur hins **tryggða**.
- 9.2 Ef krafa er greidd samkvæmt **vátryggingarsamningnum** og greiðsla fer af einhverjum orsökum ekki fram innan tveggja mánaða frá tilkynningu verður vöxtum bætt við bótagreiðsluna.
- 9.3 Allar greiðslur sem okkur ber að inna af hendi samkvæmt þessum **vátryggingarsamningi** skulu greiddar til **vátryggingartaka**, löglegum fulltrúa hans eða framsalshafa.

10 Lög sem eiga við um vátryggingarsamninginn þinn

- 10.1 **Vátryggingarsamningurinn** skal lesinn og túlkaður í samræmi við gildandi lög sem vísað er til í **vátryggingarskírteininu**.
- 10.2 Þessu **tryggingaskjali** er ætlað að taka gildi sem verðbréf í skilningi hluta 36A(5) félagalaga Englands og Wales frá 1985.

11 Framsal

Allar tilkynningar um framsal skal senda á skrifstofu okkar í **Salisbury**. Ólöggráða aðila undir 18 ára aldri er óheimilt að framselja **vátryggingarsamninginn** og Friends Provident International er ekki skylt undir neinum kringumstæðum að virða framsal ólöggráða aðila yngri en 18 ára.

12 Breyttar aðstæður

Við megum breyta skilmálum þessa **vátryggingarsamnings** til að endurspegla breytingar á sköttum, tryggingum eða öðrum lögum sem hafa áhrif á skyldur okkar í samningnum.

13 Réttur annarra aðila

- 13.1 Við og **vátryggingartakinn** erum aðilar að þessum samningi.
- 13.2 Nema annað sé beinlínis tekið fram í **tryggingarsamningnum** þínum, er honum ekki ætlað að veita neinum öðrum en samningsaðilum neinn beinan eða óbeinan rétt.

14 Almennt

- 14.1 Öll fyriræli, tilkynningar og beiðnir til okkar skal senda skriflega til **Salisbury skrifstofu** okkar ásamt öllum öðrum skjölum, upplýsingum eða samþykktum sem kann að þurfa.
- 14.2 Eftir því sem við á skulu orð í eintölu einnig ná yfir fleirtölu, karlkyn ná yfir kvenkyn og öfugt.
- 14.3 Áður en kröfur eru greiddar verðum við að fá skjalfesta sönnun á að fæðingardagur hins **tryggða** sé réttur í umsókn.
- 14.4 Ef í ljós kemur að hinn **tryggði** fæddist fyrir en uppgæfið var, munum við aðlaga bætur samkvæmt **vátryggingarsamningnum** þannig að þær séu samar að upphæð og verið hefði ef réttur aldur hefði komið fram í upphafi. Ef við hefðum ekki getað boðið tryggingu, þá aflýsum við **vátryggingarsamningnum** og endurgreiðum öll greidd **iðgjöld** án vaxta.
- 14.5 Ef í ljós kemur að hinn **tryggði** fæddist síðar en uppgæfið var, munum við reikna út **iðgjaldið** eins og það hefði verið ef réttur aldur hefði komið fram í upphafi. Síðan endurgreiðum við allar ofgreiðslur með vöxtum. Vaxtagreiðslur fara eftir vöxtum á viðkomandi tíma, eins og við ákveðum. Við greiðum ekki vexti fyrir neðan lágmark okkar. Upplýsingar um núverandi vexti okkar og lágmarksgreiðslur eru fáanlegar samkvæmt beiðni. Ef við borgum vexti, drögum við tekjuskatt frá eins og skattalög gera ráð fyrir.

15 Uppsögn tryggingar

- 15.1 **Vátryggingartaki** getur hvenær sem er tilkynnt okkur um uppsögn á **vátryggingarsamningnum**.
- 15.2 Hafir þú greitt iðgjöld mánaðarlega tekur uppsögnin gildi á næsta mánaðarlega endurnýjunardegi.
- 15.3 Hafir þú greitt iðgjöld árlega tekur uppsögnin gildi við lok þess **tryggingarársfjórðungs** sem uppsagnarbeiðnin var send í. Við uppsögn fer fram hlutfallsleg endurgreiðsla sem tekur mið af ónýttum hluta **iðgjaldsins** (með tilliti til lágmarksgreiðslu okkar á þeim tíma).

16 Skilgreiningar

Almennar skilgreiningar sem við notum í þessu skjali. Ýmis hugtök í þessu skjali eru **breiðletruð** og eru mörg hver útskýrð hér að neðan.

Gildistökudagur

Dagsetningin sem fram kemur í **vátryggingarskírteininu** hjá þér og **iðgjöld** reiknast frá. Hugsanlegt er að hún komi á undan **ábyrgðardegi**. Við notum hana líka til að reikna hvenær **vátryggingarár** hefst og **vátryggingartímabil** endar.

Lokadagur

Síðasti gildisdagur **vátryggingarsamningsins** þíns.

Tryggður

Tilgreindur aðili í **vátryggingarskírteininu** sem er sjúkdómtryggður samkvæmt **vátryggingarsamningnum** þínum.

Vátryggingarsamningur

Löglegur samningur sem greint er frá í **vátryggingarskírteininu** þínu og þessum **vátryggingarákvæðum**.

Vátryggingarákvæði

Almennir skilmálar og ákvæði sem greint er frá í þessu skjali.

Vátryggingartaki

Þetta er eigandi eða eigendur þessa **vátryggingarsamnings**. **Vátryggingartaki** er í upphafi umsækjandi (umsækjendur) sem fram koma í **tryggingarskírteininu** þínu eða vörslumaður ef **tryggingarsamningurinn** er við fjárvörslusjóð.

Vátryggingarskírteini

Skjal með **vátryggingarákvæðum** sem eru aðlöguð persónulega að þér þar sem fram kemur hvaða tryggingu er um að ræða, hvað tryggingin kostar og hvað hún varir lengi.

Vátryggingartímabil

Fjöldi ára frá **gildistökudegi** fram til **lokadags**.

Vátryggingarár

Ár sem hefst á gildistökudegi og síðan á sama árlega afmælisdegi tryggingar eftir það.

Iðgjald

Sú upphæð sem þú þarft að greiða okkur á **vátryggingartímabilinu**. **Vátryggingarskírteinið** þitt tilgreinir þá upphæð sem þú þarft að greiða fyrstu fimm árin. Eftir það getur upphæðin breyst samkvæmt ákvæði 8.

Endurnýjunardagur

Dagsetningar sem koma fram í **vátryggingarskírteini** þegar þú þarft að greiða okkur **iðgjaldið**.

Ábyrgðardagur

Þessi dagsetning er sýnd í **vátryggingarskírteininu** þínu og er dagurinn sem trygging og bótaréttur tekur gildi.

Salisbury skrifstofa

Friends Provident International
UK House
72-122 Castle Street
Salisbury
SP1 3SH
United Kingdom

Vátryggingarfjárhæð

Sú fjárhæð í **tryggingarskírteininu** hjá þér sem við greiðum út eftir að fá í hendur viðunandi sönnun á að hinn **tryggði**:

- hafi verið greindur með eða þjáist af alvarlegum sjúkdómi eða örorku eftir **ábyrgðardag** og fyrir **lokadag**; eða
- sé varanlega og algjörlega fatlaður fyrir 60 ára aldur eftir **ábyrgðardag** og fyrir **lokadag** samkvæmt skilmálum og ákvæðum **vátryggingarsamningsins**.

Okkur

Friends Provident International.

Við

Friends Provident International.

Þú, þinn

Vátryggingartakinn.

Friends Provident International er viðskiptaheiti Friends Life Limited
fyrir þau viðskipti sem fyrirtækið stundar utan Bretlands

Skrásett skrifstofa: Pixham End, Dorking, Surrey RH4 1QA England
Hlutafélag með dreifða ábyrgð í hlutabréfum og skráð í England og Wales, númer 4096141
Leyfisveitingar og eftirlit í Bretlandi annast breska Fjármálaeftirlitið (Financial Services Authority)
Fyrirtækið er meðlimur í The Association of International Life Offices

Salisbury skrifstofa: United Kingdom House, Castle Street, Salisbury, Wiltshire SP1 3SH England
Simi +44(0) 1722 326785 Fax +44(0) 1722 332005
Netfang: fp.int@friendsprovident.com Vefsíða: www.fpinternational.com/is

